

Tillaga að breytingu á
Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022

LÝSING

Breyting á landnotkun fyrir skotæfingasvæði í landi
Hamars í Borgarnesi

05.12.2017


Lýsingin var samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann

Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar

1. LÝSING Á TILLÖGU AÐ SKIPULAGSBREYTINGU SBR. 30. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

Fyrirhugað er að breyta Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, þ.e. breyta landnotkun svæðis í landi Hamars úr landbúnaði í íþróttasvæði (ÍÞ). Jörðin Hamar er í eigu Borgarbyggðar. Ný reið- og gönguleið verður lögð 400m sunnan við skotæfingasvæðið. Breyting verður gerð á skipulagsuppdrætti og greinargerð aðalskipulags, en í henni verður bætt við umfjöllun um stefnu sveitarfélagsins varðandi íþróttasvæði.

Breytingin mun taka til 16,7 ha svæðis. Gert er ráð fyrir aðstöðuhúsi, leirdufubraut og hljóð- og



Mynd 1 - Yfirlitsmynd úr Aðalskipulagi Borgarbyggðar

öryggismönnum syðst á svæðinu. Á ríffilbraut verður skotið til norð-austurs. Komið verður upp kúlufangi við enda brautar til að taka á móti skotum.

Deiliskipulagi skotæfingasvæðis skal fylgja greinargerð um hljóðvist. Setja skal umgengnisreglur sem kveða á um opnunartíma og umgengni á og við skotæfingamannvirki.

Breytingin er ekki háð umhverfismati skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. **106/2000**.

Sækja þarf um starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði skv. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. **7/1998**, fylgiskjal III og 7.gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. **785/1998** m.s.br. (nr. **214/2014**), fylgiskjal nr. 2, liður nr. 9.5. Lögreglustjóri skal viðurkenna svæði sem fyrirhugað er að nota til æfinga eða keppni í skotiþróttum áður en það er tekið í notkun skv. 15. gr. reglugerðar nr. **787/1998** um skotvopn, skotfæri o.fl.

2. TENGLA Breytingarinnar við aðrar skipulagsáætlanir

Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna leggur áherslu á að skipulagsákvæðanir um hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af landslagi og staðhættum.


Landsskipulagsstefna leggur áherslu á að landi sem hentar vel til ræktunar verði ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.

Aðalskipulag

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 er gert ráð fyrir rúmum svæðum til útvistar og skipulagið heimilar uppbyggingu á opnum svæðum til sérstakra nota.

Í aðalskipulagi er stefnt að því að land sem hentar vel til landbúnaðar verði ekki tekið til óafturkræfrar landnotkunar, heldur viðhaldið sem slíku ef þess er kostur. Svæðið sem hér um ræðir er skilgreint landbúnaðarsvæði og hefur verið nýtt til hrossabeitar. Svæðið er ekki hentugt til ræktunar og mikið framboð er af beitilandi í næsta nágrenni.


Í Borgarnesi er 21 svæði sem fellur undir landnotkunarflokkinn *Opin svæði til sérstakra nota* og fjölga um eitt með tilkomu þessa svæðis. Í Borgarbyggð er, sem stendur, ekkert útsvæði til staðar til skotæfinga og mun svæðið því auka aðgengi skotiþróttafólks og skotveiðifólks að æfingaaðstöðu til muna.



Mynd 2 - Skipulagssvæði fyrir breytingu

3. FORSENDUR OG RÖKSTUÐNINGUR FYRIR Breytingartillögu

Áhugi fyrir íþróttageininni skotfimi hefur aukist töluvert undanfarin ár auk þess sem skotveiði er vinsæl hirlendis. Auknar kröfur eru gerðar til hæfni veiðimanna. Það er því mikilvægt að gott skotæfingasvæði sé til staðar í Borgarbyggð þar sem þjálfun skotveiðimanna og annarra sem vilja stunda skotfimi fer fram. Skotfélag Vesturlands hefur óskað eftir að fá úthlutað landsvæði þar sem ætlun skotfélagsins er að koma upp æfingasvæði til að stunda riffil- og leirdúfuskotfimi.



Mynd 3 - Skipulagssvæði eftir breytingu

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að finna hentugt æfingasvæði og var niðurstaðan sú að úthluta félaginu svæði sem er fyrir norðan þéttbýlið í Borgarnesi, austan við fólkvanginn Einkunnir og norð-vestur af sorpförgunarstað í Bjarnhólum. Skilgreind landnotkun í aðalskipulagi á skipulagssvæðinu er landbúnaður og er það nýtt sem beitarhólf fyrir hross. Á svæðinu eru mýrdrög og holt sem liggja í stefnunni norðaustur-suðvestur. Hæð holtanna er 40-53 m.y.s. Fiskþurrkun fer fram í skemmu sem staðsett er sunnan við æfingabrautir. Íbúðarhús eru á Lækjarkoti fyrir austan svæðið og á Kárastöðum fyrir sunnan það í um 1,2 km fjarlægð. Háspennulína liggur yfir syðsta hluta skipulagssvæðis, sunnan við æfingabrautir.

Fólkvangurinn Einkunnir er 160-450 metra vestan við svæðið, en austurmörk fólkvangsins eru samhliða ríffilbraut. Sorpförgunarsvæði í Bjarnhólum er 300 m sunnan við svæðið. Hesthúsaferfi Borgarness, reiðhöll og gróðrarstöðin Grenigerði eru um 300 m sunnan við svæðið. Deiliskipulag er ekki tiltækt af svæðinu. Vinna þarf deiliskipulag fyrir ípróttasvæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu skotæfingasvæðis.

4. VALKOSTIR

Þegar beiðni Skotfélags Vesturlands um að geta byggt upp æfingasvæði lá fyrir voru svæði við Borgarvog vestan við Borgarnes og Kárastaði norðan við Borgarnes skoðuð, þar sem þau eru í eigu Borgarbyggðar. Þau svæði þóttu hins vegar ekki ákjósanleg með tilliti til nálægðar við íbúðarhús. Svæðið norð-vestan við Bjarnhóla er talið henta vel til uppbygginga skotæfingasvæðis. Fjarlægð að íbúðarhúsum er þar meiri en 1000 m.

5. ÁHRIF BREYTINGAR Á SAMFÉLAG OG UMHVERFI

Helstu umhverfisáhrif eru vegna hljóðmengunar frá leirdúfuskotvelli. Hljóðmengun frá ríffilbraut verður óveruleg þar sem skotið verður úr hljóðeinangruðu ríffilhúsi. Búast má við að hljóðmengun verði meiri á veturna, þegar jörð er frosin og þakin snjó

Mengun vegna hagla og skota veður óveruleg. Á leirdúfuskotvelli má eingöngu nota stálhögl og stafar ekki mengunarhætta af þeim. Á ríffilbraut er skotið á kúlufang við enda brautar og eiga öll ríffilskot að enda í fanginu, sem svo er hægt að hreinsa skotin úr.

Malarstígur verður lagður meðfram ríffilbraut í jaðri holta og er hann talinn hafa óveruleg áhrif á umhverfið.

6. SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Leitað verður umsagnar Skipulagsstofnunar og Vegagerðarinnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsing á breytingartillögu verður kynnt íbúum sveitarfélagsins, aðliggjandi sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum janúar 2018. Lýsing á breytingartillögu mun verða auglýst með áberandi hætti og hún jafnframt gerð aðgengileg á heimasíðu og skrifstofu Borgarbyggðar. Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreyting vegna skotæfingasvæðis í landi Hamars verði kynnt íbúum í febrúar 2018 og tillagan tekin til afgreiðslu sveitarstjórnar vor 2017. Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar skal senda tillöguna til

umsagnar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna verður tillagan auglýst sbr. 31. gr. skipulagslaga.